

**Fundargerð samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga haldin 25. mars 2014, kl 8.30, í fundarsal Sambands íslenskra sveitarfélaga, Borgartúni 30, Reykjavík.**

Mætt voru Sigurður Pétursson, formaður, Elías Jónatansson, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Gústaf Jökull Ólafsson og Guðbrandur Sverrisson. Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn. Fundurinn væri haldinn til að fjalla um samgöngu og fjarskiptamál á Vestfjörðum með samgöngu og fjarskiptastofnunum auk fyrirtækja á fjarskiptamarkaði. Aflað væri upplýsinga um stöðu verkefna og þróun mála og fylgja eftir stefnu sveitarfélaga.

**1. Undirbúningur fundar**

Farið yfir dagskrá fundarins og áhersluatriði gagnvart einstaka stofnunum.

**2. Vegagerðin**

Mættir til fundar Hreinn Haraldsson, Vegamálastjóri og Magnús Valur Jóhannsson, umdæmisstjóri Vestursvæðis.

a. Verkefni gildandi 4 ára samgönguáætlun (2011-2014)

Fjallað um verkefni áætlunarinnar. Lokið er framkvæmdum við Strandaveg í Steingrímsfirði og þar með tenging Drangsness við stofnvegakerfið. Verkefnið Eiði – Þverá er á áætlun, í raun á undan áætlun og vænst er að ljúka verkinu að meginhluta á þessu ári. Lokið að mestu verkefni á Ingjaldssandsvegi, frá vegamótum Vestfjarðavegar að Núpi.

Lýst helstu viðhaldsverkefnum og miklum áhyggjum af stöðu þessara mála og vöntun á fjármunum, ástand á Súðavíkurlíð og Raknadalshlíð á síðasta ári væri alvarleg viðvörðun.

b. fyrirkomulag vetrarþjónustu og öryggismál vegfarenda

Rætt um hækkun þjónustupreps í 7 daga. Mikil vöntun á fjármagni til málaflokksins en væntingar um leiðréttingu í þeim eignum í nýrri samgönguáætlun.

c. samgönguáætlun 2013-2016

Áætlunin verður lögð fram á Alþingi undir lok vikunnar og efni hennar ekki opinbert. Helstu verkefni væru Vestfjarðavegur 60 í Gufudalssveit og Dýrafjarðargöng og verkefni á Bjarnarfjarðarhálsi. Ekki væri útlit fyrir að aukið fjármagn kæmi til öryggismála á Súðavíkurlíð.

d. undirbúningur að samgönguáætlun 2015-2026

Kynnt bréf samgönguráðs varðandi samráðsfundi með sveitarfélögum, stefnt er á fundi á Ísafirði þann 30. apríl n.k..

e. önnur mál

Samgöngunefnd ítrekar að áætlun ferjunar Baldurs miðist við þjónustu íbúa Vestur Barð. Rætt um samninga um ríkisstyrkt áætlunarflug.

### 3. Gagnaflutningar og fjarskiptamál.

Mættir til fundar frá Póst og fjarskiptastofnun (PFS), Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri, Björn Geirsson og Friðrik Pétursson. Frá innanríkisráðuneyti Otto Winhter, sérfræðingur.

Fjallað um stöðu verkefna í tengslum við Fjarskiptaáætlun 2011-2014 og undirbúningur 12 ára fjarskiptaáætlunar. Vísað til bréfs innanríkisráðuneytis um samráðsfund með sveitarfélögum þann 30. apríl n.k..

PFS leggur áherslu á að fá viðbrögð við greinargerð um framkvæmd alþjónustu en greinargerðin er nú til umsagnar. Mikilvægt væri að efla samskipti PFS og sveitarfélaganna og landshlutsamtaka varðandi fjarskiptamál.

### 4. Fjarskiptafyrirtæki.

Mættir til fundar frá Vodafone, Sigurður Ingi Hauksson, deildarstjóri radíodeild, Kjartan Briem, sviðsstjóri, Sigurbjörn Eiríksson, sérfræðingur gagnflutningssviðs.

Kynnt starfsemi og uppbygging fyrirtækisins m.a. hefur fyrirtækið umsjón með rekstri senda RÚV. Fyrirtækið er ekki í uppbyggingu grunnnets en leggur áherslu á að vera í samstarfi við önnur fyrirtæki, sveitarfélög og ríki við uppbygginu þess. Grundvallar atriði fyrir gagnaflutninga á Vestfjörðum væri hringtenging ljósleiðara.

### 5. Flugmál

Mætt til fundar Elín Árnadóttir, aðstoðarforstjóri, Haukur Hauksson, flugvalla og mannvirkjasviðs ISAVIA. Björn Óli Hauksson forstjóri forfallaðist.

Fram kom að viðhald og nýframkvæmdir væru í algjöru lágmarki og í raun gengið á eigið fé ISAVIA. Ekki væri útlit fyrir aukið fjármagn í samgönguáætlun 2013-2016.

### 6. Fjarskiptafyrirtæki. NOVA

Mættur til fundar Jóakim Reynisson, deildarstjóri tæknisviðs. Kynnti starfsemi fyrirtækisins en fyrirtækið leggur áherslu á uppbyggingu 4 G kerfis með loftnetsendum í hverjum byggðakjarna. Að þessum sendum þarf að leggja ljósleiðara og því væri hringtenging ljósleiðarans á Vestfjörðum grundvallaratriði.

Aðalsteinn Óskarsson, vék af fundi.

Gert hlé á fundi og sóttur fundur í innanríkisráðuneyti.

### 7. Innanríkisráðuneyti

Mætt til fundar Sigurbergur Björnsson skrifstofustjóra innviða og Ásta Þorleifsdóttir, sérfræðingur. Farið yfir stefnu FV í samgöngu og fjarskiptamálum og þau atriði sem komu fram á fundum samgöngunefndar fyrir í dag.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 16.00